

REGLUGERÐ

um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Mælingar á vinnslunýtingu skulu framkvæmdar um borð í öllum fiskiskipum, stærri en 20 brúttótonn, er vinna eigin fiskafila um borð. Með vinnslu um borð er átt við alla frekari vinnslu en blóðgun og slægingu á fiski. Mælingar þessar taki til allra fisktegunda sem heildarafli er takmakaður á sbr. lög nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða og lög nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands, nema kveðið sé á um annað í reglugerð um viðkomandi veiðar.

2. gr.

Á hverjum sólarhring skal gera nýtingarmælingu a.m.k. tvisvar sinnum meðan vinnsla er í gangi og skal vigta fisk eða fiskhluta eftir hvern þátt í vinnsluferlinu.

Fari 5 til 10 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 1 nýtingarmælingu á þeirri afurð. Fari 10 til 20 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 3 nýtingarmælingar á þeirri afurð. Fari meira en 20 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 6 nýtingarmælingar á þeirri afurð.

Um framkvæmd mælinga vísast til leiðbeininga Fiskistofu: Nýtingarmælingar um borð í frystitögurum.

3. gr.

Öll nýtingarsýni sem tekin eru skv. 2. gr. skal geyma aðskilin frá öðrum afla þannig að þau séu aðgengileg veiðieftirlitsmönnum áður en löndun hefst. Þeim skal einnig landa sérstaklega og geyma ef Fiskistofa óskar þess.

Ef afurðir úr nýtingarsýni nægja ekki í eina pakkningu, skal aðgreina þann hluta sem tilheyrir því með sérstöku millileggi.

Umbúðir sem nýtingarsýni eru í og eyðublöð sem mælingar á nýtingarsýnum eru skráðar á, skulu merktar með hlauðandi númerum þannig að umbúðir með nýtingarsýni og viðkomandi skráningareyðublað séu merkt með sama númeri.

4. gr.

Við útreikning á afla veiðiskipa skal byggja á nýtingarstuðlum sem reiknaðir eru á grundvelli mælinga skv. 2. gr. Þyngd afla m.v. slægðan fisk með haus, er reiknuð út með því að deila í þyngd afurðar með nýtingarstuðli, en varðandi karfa er miðað við óslægðan fisk. Við útreikning á afla skipa sem ekki hafa áunnið sér ákveðna nýtingarstuðla skv. 2.-5. gr. skal leggja til grundvallar upphafsstuðla sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu.

Áður en vinnsla hefst á afurð sem upphafsstuðlar hafa ekki verið ákveðnir fyrir, skal viðkomandi útgerð tilkynna það Fiskistofu. Óheimilt er að hefja þá vinnslu áður en ráðuneytið hefur ákveðið upphafsstuðul, nema að fengnu leyfi Fiskistofu sem getur bundið leyfisveitingu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

5. gr.

Er afla er landað skal ávallt landa þeim nýtingarsýnum er tekin eru úr þeim afla. Niðurstöður nýtingarmælinga úr þeim afla sem landað er í hvert sinn skulu lagðar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla skips, sbr. þó 6. gr., nema til breytinga á stuðlum komi skv. 7.-10. gr.

6. gr.

Ef minna en 10 lestir af ákveðinni fisktegund í veiðiferð eru nýttar til framleiðslu á ákveðinni afurð hafa nýtingarmælingar þeirrar veiðiferðar ekki áhrif á útreikning á nýtingarstuðli þeirrar afurðar sbr. 5. gr.

7. gr.

Fiskistofa hefur eftirlit með framkvæmd mælinga skv. reglugerð þessari.

Skipstjóri skips er reglugerð þessi nær til skal strax þegar veiðum er hætt tilkynna Fiskistofu um áætlað aflamagn hverrar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunardegi og löndunarstað. Þá skal skipstjóri í lok hverrar veiðiferðar og áður en löndun hefst tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega og á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga (t.d. kassa og/eða pakkninga) sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hverrar einingar. Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en flök, eru íshúðaðar sérstaklega. Enn fremur skal hann svo skjótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klst. áður en löndun hefst, senda Fiskistofu með símbréfi skýrslu um nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð ásamt upplýsingum um fjölda daga sem afli var unninn um borð. Ef einungis hluta aflans verður landað skal það koma fram í tilkynningum, sbr. þessa mgr. Enn fremur komi fram hvaða afurðum verði landað, hvenær þær voru framleiddar og viðeigandi nýtingarmælingar. Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð vinnsluskipts, ef allri framleiðslu tiltekinnna daga er landað, ásamt tilheyrandi vinnslusýnum.

Fiskistofa getur ákveðið með hvaða hætti tilkynningar og skýrslur skuli sendar og er óheimilt að senda tilkynningar og skýrslur með öðrum hætti en Fiskistofa hefur ákveðið. Berist tilkynningar og skýrslur, sbr. þessa grein, ekki innan tilskilins frests, skal Fiskistofa ákvarða nýtingarstuðla í viðkomandi afurðum, þ.a. þeir verði 1 prósentustigi lægri en meðaltal nýtingarstuðla síðustu þriggja veiðiferða í viðkomandi afurðum.

8. gr.

Sé nýtingarmælingum ekki sinnt um borð í veiðiskipi, skal Fiskistofa ákvarða nýtingarstuðla, þ.a. þeir verði 2 prósentustigum lægri en meðaltal nýtingarstuðla síðustu þriggja veiðiferða í viðkomandi afurðum. Sama gildir séu mælingar ekki í samræmi við leiðbeiningar sbr. 2. gr. eða þannig framkvæmdar að Fiskistofa geti ekki viðurkennt gildi þeirra.

9. gr.

Komi í ljós, svo sem við samanburð eftirlitsmanna á nýtingarsýnum og vinnslusýnum eða við samanburð á nýtingarskýrslum og sýnum úr afla að mælingar á nýtingu við vinnslu einhverrar afurðar hafi verið framkvæmdar þannig að þær gefi ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð í veiðiskipi skal Fiskistofa ákvarða nýtingarstuðla hlutaðeigandi skips í viðkomandi afurð með hliðsjón af niðurstöðu samanburðarins, þannig að þeir verði a.m.k. 3 prósentustigum lægri en meðaltal nýtingarstuðla síðustu þriggja veiðiferða í viðkomandi afurðum.

10. gr.

Fiskistofa skal tilkynna hlutaðeigandi útgerð um ákvörðun sína og gildir sá nýtingarstuðull fyrir þá afurð sem athugun beindist að.

Næst þegar nýtingarstuðull í viðkomandi afurð er ákvarðaður, sbr. 5. gr. skal sá stuðull lækkaður sem nemur helmingi þeirrar lækkunar, sem síðast var beitt í viðkomandi afurð sbr. 7.-9. gr.

11. gr.

Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi eyðublöð og skýrslur sem nota skal skv. þessari reglugerð skuli vera, og er óheimilt að nota önnur form en Fiskistofa samþykkir.

Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um þau eyðublöð og skýrslur sem færa skal skv. reglugerð þessari.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla með síðari breytingum og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytastofna sjávar með síðari breytingum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytastofna sjávar, laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla með síðari breytingum og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. ágúst 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012, Hveravellir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. ágúst 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992 - 2012 frá 2. nóvember 1993.

Breytingin varðar færslu á þjónustusvæði á Hveravöllum.

Mat á umhverfisáhrifum þjónustubyggingar hefur farið fram skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993, sbr. úrskurð skipulagsstjóra dags. 27. ágúst 1997 og kæru-meðferð umhverfisráðherra dags. 19. desember 1997.

Uppdráttur og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Svínavatnshrepps. Skiplagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.